

Fimmtugasti og annar fundur Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis var haldinn 7. maí 2020 í samkomusal Sjálfstæðisflokksins að Austurströnd 3, Seltjarnarnesi. Fundurinn hófst kl: 17:00.

Mættir: Hannes Tryggvi Hafstein, Magnús Rúnar Dalberg, Sigríður Klara Árnadóttir, Valborg Anna Ólafsdóttir, Linda Björk Ragnarsdóttir, Arna Hagalínsdóttir og Þorsteinn Narfason sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Starfsmannamál – Trúnaðarmál.

Framkvæmdastjóri kynnti málið og vék af fundi undir þessu máli.

María Hrönn Guðmundsdóttir lögfræðingur LEX mætti á fundinn undir þessu máli að ósk formanns heilbrigðisnefndar.

Bókun var færð í trúnaðarmálabók.

2. Umsóknir um starfsleyfi samkvæmt lögum um matvæli.

Eftirfarandi embættisfærslur heilbrigðiseftirlits voru lagðar fram.

- a. Karl Pétursson sækir um starfsleyfi fyrir Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins kt. 410169-4369, til sölu áfengis, vegna flutnings í nýtt húsnæði, að Þverholti 2 í Mosfellsbæ.

Starfsleyfið var gefið út til 12 ára þann 4. maí 2020 með vísan til laga um matvæli.

Umsóknir um starfsleyfi samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

- b. Svanhildur Guðrún Jóhannsdóttir sækir um daggæsla dagforeldra með 6 börn eða fleiri, kt. 301093-2419, ný starfsemi að Leirvogstungu 15 í Mosfellsbæ.

Starfsleyfið var gefið út til 12 ára þann 4. maí 2020 með vísan til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og með starfsleyfisskilyrðum fyrir dagvistun 6-10 barna í heimahúsum.

3. Umsagnir um erindi sýslumanns.

Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 13. mars 2020 þar sem óskað var umsagnar um nýtt rekstrarleyfi fyrir Sólholt ehf. kt.

670319-0240, til reksturs á gististað í flokki II, tegund minna gistiheimili að Holtsvegi 2 í Kjós. Staðurinn var áður með gistileyfi.

Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 28. apríl 2020.

4. Úrskurður Úrskurðarnefndar um upplýsingamál.

Lagður var fram úrskurður 889-2020.

Heilbrigðisnefnd unnr niðurstöðu Úrskurðarnefndar um upplýsingamál og felur framkvæmdastjóra að afhenda umbeðin gögn.

Fundi slitið 19.55